

# Jafnrétti fyrir alla

## Jafnréttisstefna Fjarðabyggðar 2008 - 2012

### *Inngangur:*

Samkvæmt stjórnarskrá íslenska lýðveldisins skulu allir vera jafnir fyrir lögum og njóta mannréttinda án tillits til kynferðis, trúarbragða, skoðana, uppruna, kynþáttar, litarháttar, efnahags, ættar og stöðu að öðru leyti. Konur og karlar skulu njóta jafns réttar í hvívetna.

Jafnréttisstefna Fjarðabyggðar tekur ekki aðeins á jafnrétti milli karla og kvenna heldur jafnrétti fyrir alla. Í henni kemur fram vilji bæjaryfirvalda til að skapa sem hagfelldust skilyrði fyrir alla íbúa Fjarðabyggðar.

Í allri starfsemi bæjarfélagsins skal taka mið af jafnréttisstefnunni. Hvert svið ber ábyrgð á framfylgd verkefna hjá sér. Þannig er stefnt að því að samþætta jafnréttissjónarmið öllu starfi innan sveitarfélagsins.

Jafnréttisstefnan tekur mið af:

- Lögum um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla.
- Lögum um málefni aldraðra.
- Lögum um útlendinga.
- Starfsmannastefnu Fjarðabyggðar.
- Svona gerum við: Stefna Samband sveitarfélaga á Austurlandi um leiðir að fjölmenningslegu samfélagi (2007).

Jafnréttisstefnan tekur annars vegar mið af hlutverki sveitarfélagsins sem vinnuveitanda og hins vegar sem veitanda þjónustu.

## Fjarðabyggð sem vinnuveitandi

### - Vinnur að jafnri stöðu kynja innan stofnana og fyrirtækja Fjarðabyggðar

Aðgerð	Ábyrgð	Árangursmat
Lögð verði áhersla á að störf flokkist ekki í kvenna- og karlastörf. Atvinnuauglýsingar skulu vera kynhlutlausar Starfsheiti geta eftir atvikum verið hvort heldur karlkyns eða kvenkyns og skulu birtast þannig í skipuriti bæjarins.	Allir sem auglýsa eftir starfsfólki.	Félagsmálanefnd fer yfir starfsauglýsingar sveitarfélagsins í janúar ár hvert.
Hvatt skal til að einstaklingar sem eru í minnihluta í hlutaðeigandi starfsgrein sækja um störf sem auglýst eru laus til umsóknar.	Allir sem auglýsa eftir starfsfólki.	Jöfnun kynjahlutfalls í starfsgreinum. Félagsmálanefnd.
Umsækjandi af því kyni sem er í minnihluta í viðkomandi starfsgrein skal að öðru jöfnu ganga fyrir við ráðningu þegar hann er jafnhæfur eða hæfari en aðrir umsækjendur.	Yfirmenn sem sjá um ráðningar.	Félagsmálanefnd.
Hlutfall kynja í nefndum og ráðum á vegum sveitarfélagsins verði jafnað og stefnt að því að hlutfall hvors kyns verði ekki lægra en 40%.	Bæjarstýra.	Hlutfall kynja í nefndum og ráðum á vegum sveitarfélagsins.

### - Tryggir körlum og konum sömu laun fyrir sambærileg störf

Aðgerð	Ábyrgð	Árangursmat
Konum og körlum skulu greidd jöfn laun og þau njóta sömu kjara fyrir jafnverðmæt og sambærileg störf.	Bæjarstýra.	Gera skal árlega samanburðarúttekt á greiddum launum til karla og kvenna miðað við ársverk í Fjarðabyggð.

**- Stuðlar að því að starfsmenn Fjarðabyggðar geti samræmt fjölskyldulíf og atvinnuþátttöku**

Aðgerð	Ábyrgð	Árangursmat
Karlar verði hvattir til að taka fæðingarorlof og sinna veikindum barna til jafns við konur.	Forstöðumaður mannauðs- og upplýsingartæknimála. Starfsmannahald.	Hlutfall karla sem taka fæðingarorlof. Fjöldi leyfisfisdaga karla og kvenna vegna veikinda barna.
Sveigjanlegur vinnutími. Kynna verkefnið <i>Gullna jafnvægið</i> .	Yfirmenn.	Fjöldi starfsmanna sem nýta sér sveigjanlegan vinnutíma.

**Fjarðabyggð sem veitandi þjónustu**

**Málefni æskulýðsins:**

**- Stuðla að jöfnum tækifærum drengja og stúlkna til náms og tómstunda á öllum skólastigum**

Aðgerð	Ábyrgð	Árangursmat
Sjálfsstyrking verði hluti af námi á öllum skólastigum til að efla jákvæð samskipti nemenda.	Fræðslustjóri.	Mat á líðan barna.
Námsefni mismuni ekki nemendum eftir kyni eða uppruna.	Fræðslustjóri.	Mat á námsefni.
Í Fjarðabyggð er lögð áhersla á aðgengi að fjölbreyttu framhaldsnámi sem hentar báðum kynjum.	Fræðslustjóri.	Greining á hlutfalli þeirra sem ljúka framhaldsskóla eftir kyni og búsetu.
Í félagsmiðstöðvum verði áhersla á viðfangsefni við hæfi beggja kynja.	Tómstundastjóri.	Fjöldi heimsókna drengja og stúlkna í félagsmiðstöðvar.
Jafnmikil áhersla sé lögð á íþróttir fyrir stelpur og stráka.	Tómstundastjóri.	Greining á því hvernig fjármagn til íþróttastarfs dreifist á milli kynja.
Leita skal leiða til að tryggja þátttöku barna og ungmenna af erlendum uppruna í tómstunda- og íþróttastarfi.	Tómstundastjóri.	Hlutfall barna af erlendum uppruna sem tekur þátt í tómstunda- og íþróttastarfi.

**Málefni aldraðra:**

**- Búa öldruðum aðstæður til að búa sem lengst á heimili sínu og vera virkir þátttakendur í samfélaginu.**

<b>Aðgerð</b>	<b>Ábyrgð</b>	<b>Árangursmat</b>
Heimaþjónusta fyrir aldraða miðist við þarfir hvers og eins og beinist að hjálp til sjálfshjálpar.	Félagsmálastýra.	Viðhorfskönnun og fjöldi þeirra sem njóta heimaþjónustu.
Félagsstarf aldraðra tryggir eldri borgurum félagsskap, hreyfingu, tómstundaiðju og skemmtun. Félagstarfið henti báðum kynjum og veki áhuga bæði karla og kvenna.	Félagsmálastýra.	Fjöldi og kynjahlutfall þátttakenda í félagsstarfi eldri borgara.
Samskipti milli félaga aldraðra og félaga nemenda og yngra fólks verði eflað.	Félagsmálastýra og fræðslustjóri.	Viðhorfskönnun.
Þekking og reynsla eldri borgara verði nýtt með þjónustusamningum um samfélagsleg verkefni.	Stjórnendur í Fjarðabyggð.	Fjöldi þjónustusamninga við félög eldri borgara.

## Málefni nýrra íbúa

- Að nýir íbúar upplifi að þeir séu velkomnir í Fjarðabyggð og taki virkan þátt í samfélaginu

Aðgerð	Ábyrgð	Árangursmat
Móttökuvíðtöl verði við nýja íbúa til að kanna þarfir þeirra og kynna þeim þjónustu sveitarfélagsins. Þjónusta verði miðuð við þarfir einstakra fjölskyldna.	Starfsmenn bæjarskrifstofu.	Fjöldi móttökuvíðtala og viðhorfskönnun.
Gefin verði út upplýsingahandbók/-bæklingar - þýdd á tungumál aðgengileg erlendum íbúum.	Verkefnisstjórn: Nýir íbúar á góðum stað.	Útgáfa efnis.
Heimasíða Fjarðabyggðar birti upplýsingar um þjónustu sína á erlendum tungumálum.	Upplýsinga- og kynningarfulltrúi.	Birting fullnægjandi upplýsinga á erlendum tungumálum.
Sveitarfélagið hafi reglulega kynningu á félögum og tómstundastarfi sem er í boði.	Upplýsinga- og kynningarfulltrúi.	Fjöldi kynninga á félögum og tómstundastarfi.
Túlkaþjónusta verði veitt eftir föngum.	Stjórnendur.	Tímafjöldi túlkaþjónustu fyrir sveitarfélagið.
Samstarf sveitarfélagsins og atvinnurekenda, launþegasamtaka og annarra félagasamtaka verði styrkt til hagsbóta fyrir innflytjendur.	Verkefnisstjórn: Nýir íbúar á góðum stað.	Virkt samstarf.
Koma í veg fyrir félagslega einangrun fólks af erlendum uppruna, bæði barna og fullorðinna.	Yfirmenn í sveitarfélaginu.	Erlendum starfsmönnum verði gert kleift að sækja íslenskunámskeið á dagvinnutíma.

### Eftirfylgni

Jafnréttisnefnd skilar bæjarstjórn árlegri greinargerð um framkvæmd þessarar stefnu.

Samþykkt í bæjarstjórn Fjarðabyggðar

6. mars 2008